



Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. maí 2023

Enni: Umsögn embættis landlæknis um drög að grænbók um sjálfbært Ísland

Embætti landlæknis fagnar framkomnum drögum að grænbók um sjálfbært Ísland sem eru til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 82/2023. Embættið hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Líkt og kemur fram í grænbókinni (bls. 36) eru áhrifaþættir heilbrigðis, sjálfbærni og velsældar afurð af flóknu samspili einstaklinga við sitt nánasta umhverfi og aðstæður og auk einstaklingsbundinna þátta er því meira og minna allt undir í samfélaginu þegar velsæld er annars vegar. Góð samsvörun er á milli helstu áhrifaþátta heilbrigðis og grunnstoða sjálfbærni og vann embættið m.a. í samráði við ýmsa hagaðila að lagaða útgáfu af „Regnboganum“ fyrir íslenskt samhengi í samræmi við heimsmarkmiðin og þ.m.t. forgangsmarkmið Íslands, [sjá nánar hér](#). Hann er hryggjarstykkið sem starf Heilsueflandi samfélags (HSAM), Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og Heilsueflandi vinnustaða byggir á þar sem megimarkmiðið er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að vellíðan fyrir alla, fólks og jarðar. Í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda hefur embættið unnið að þróun þessa starfs í yfir áratug í samstarfi við m.a. forsætisráðuneytið, samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri hagaðila úr ýmsum geirum og á báðum stjórnsýslustigum. Í dag búa t.d. um 96% landsmanna í sveitarfélögum sem hafa ákveðið að gerast Heilsueflandi samfélag. Til staðar eru tengiliðir og þverfaglegir stýrihópar fyrir þetta starf í sveitarfélögum, í skólum og á vinnustöðum sem hafa það hlutverk að fá viðeigandi hagaðila að borðinu og vinna með heildrænum hætti að vellíðan allra með m.a. lýðheilsuvisum, öðrum vísu og gögnum sem eru til, gátlistum og vefkerfinu sem hýsir gátlistana. Rík áhersla er á að starfið sé sniðið að aðstæðum á hverjum stað.

Samanber kafla 3.4 í grænbókinni gegna sveitarfélög mikilvægu hlutverki þegar kemur að sjálfbærri þróun. Reynslan frá starfi Heilsueflandi samfélags staðfestir að það er enginn skortur á metnaðarfullu og kröftugu fólki um land allt sem vill vinna með markvissu hætti að velsæld allra íbúa sinna og þ.m.t. vinna, eftir aðstæðum, að úrbótum í öllum grunnstoðum sjálfbærni. Að sama skapi er líka ljóst að mannauðurinn í heimabyggð hverju sinni, sem er lykillinn að því að árangur náist, er ekki óþrjótandi auðlind. Markvisst, gagnadrifið starf sem felur í sér að fá ólíka geira og aðra hagaðila að borðinu tekur tíma og krefst þess að viðkomandi umgjörð fái viðeigandi stuðning, hafi umboð og aðrar forsendur til að sinna sínu hlutverki. Eins og lagt er upp með í grænbókinni ætti stefna um sjálfbæra þróun og innleiðing hennar að vera frábær leið til að samræma og efla allt það góða starf sem er þegar til staðar og miðar að sameiginlegum markmiðum. Að þessu sögðu lýsir embættið yfir einlægum vilja sínum til að halda áfram að þróa áður nefnt starf með þeim hætti að það samræmist sem best stefnu um sjálfbæra þróun og velsæld og það falli sem best að stuðningi við innleiðinguna.




Í kafla 1.5., bls. 17, kemur fram í einum punktinum að „mikil tækifæri séu til að auka lífræna grænmetisræktun hér á landi“. Í því sambandi vill embætti landlæknis benda á að mikilvægt er að auka ræktun almennt á grænmeti en ekki einungis lífrænt ræktuðu grænmeti. Þetta er til samræmis við það sem kemur fram síðar í skjalinu á bls. 69 og 76. Einnig er mikilvægt að auka kornrækt t.d. ræktun á byggi. Þannig má auka aðgengi að hollum og sjálfbærum fæðutegundum auk þess að stuðla að bættu fæðuöryggi.

Gerð er athugasemd við orðalag í kafla 2.1.1., bls. 20, um að „yfirþyngd og offita hefur aukist verulega og tölur sýna að þjóðin sé orkufrekur fæðuneytandi“. Með því að tengja þessa tvo þætti saman er verið að ýta undir staðalmyndir um að holdafar tengist fyrst og fremst einstaklingsbundnum þáttum eins og mataræði. Þótt heilsuvenjur og mataræði hafi áhrif á þróun líkamsþyngdarstuðuls er orsakasambandið flókið og áhrifaþættir offitu mun fleiri. Lagt er til að breyta setningunni á eftirfarandi hátt: Fæðuneysla er jafnframt ósjálfbær hér á landi að ýmsu leiti en nýlegar niðurstöður úr landskönnun á mataræði sýna að 60% þjóðarinnar borðar of mikið af rauðu kjöti og stór hluti þjóðarinnar borðar of lítið af ávöxtum, grænmeti og heilkornavörum sem eru með lægra kolefnisspor

Bent skal á að í nýjum Norrænum næringarráðleggingum (sem verða kynntar á Íslandi 20. júní í tengslum við formennsku Íslands í norrænu ráðherranefndinni) er nú tekið tillit til umhverfis- og sjálfbærniþátta auk hollustu. Byggt verður á norrænu ráðleggingunum við endurskoðun íslenskra ráðlegginga um mataræði í kjölfarið.

Virðingarfyllst


Kjartan Sveinsson
aðstoðarmaður landlæknis